

Fundargerð 47. fundar

skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2023, miðvikudaginn 18. janúar kl. 10:15 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Halla Björk Reynisdóttir, Sveinn Björnsson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Jón Kjartan Ágústsson og Einar Þorsteinsson.

Að auki sátu fundinn Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur, Þorgerður M. Þorbjarnardóttir aðstoðamaður sérfræðings í umhverfis- og úrgangsmálum og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Rammasamningur um húsnæðismál og samstarf við innviðaráðuneyti - 2209007SA**

Hólmfríður Bjarnadóttir, skrifstofustjóri húsnæðis- og skipulagsmála í innviðaráðuneytinu, var gestur fundarins að þessu sinni. Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmál færðust á ábyrgð ráðuneytisins við breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins í lok árs 2021 en voru áður í tveimur ráðuneytum. Hólmfríður gerði grein fyrir markmiðum og áherslum í starfi ráðuneytisins í þessum málaflokkum, m.a. varðandi samræmingu stefnumótunarvinnu á málefnasviðum ráðuneytisins og samþættingu þessara málaflokka við samgöngu- og sveitarstjórnarmál. Fram kom að unnin verði ný tillaga að landsskipulagsstefnu þótt margt úr fyrri vinnu muni án efa nýtast.

Helstu verkefni sem nú er unnið að í IRN eru m.a. endurskoðun landsskipulagsstefnu, endurskoðun á lagagrundvelli og samþætting áætlana ráðuneytisins. Tillögur að strandsvæðaskipulagi fyrir Austfirði og Vestfirði bíða staðfestingar. Fjöldmörg verkefni eru á sviði mannvirkjamála, m.a. varðandi innleiðingu EES-löggjafar um byggingarvörur o.fl. Rammasamningur um húsnæðismál er síðan málefni sem kallar á mikið samstarf milli ríkis og sveitarfélaga og milli stofnana. Lagabreytingar geta haft áhrif á vinnulag, m.a. við mótun landsskipulagsstefnu.

Anna Guðmunda Ingvarsdóttir aðstoðarforstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar tók þátt í umræðum undir þessum lið en vék af fundi að honum loknum.

2. **Samningur við Reykjavíkurborg um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og fjármögnun uppbyggingar hagkvæmra íbúða og félagslegs húsnæðis - 2209007SA**

Undirritaður hefur verið samningur á milli Reykjavíkurborgar, Innviðaráðuneytisins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um uppbyggingu

íbúðarhúsnæðis og fjármögnun uppbyggingar hagkvæmra íbúða og félagslegs húsnæðis. Um er að ræða fyrsta samkomulag við sveitarfélag sem gert er á grundvelli rammasamnings um aukið framboð húsnæðis. Einar Þorsteinsson fór yfir helstu atriði samningsins. Af 35.000 íbúðum sem rammasamningur kveður á um að verði byggðar á næstu 10 árum er gert ráð fyrir að hlutur borgarinnar verði 16.000 íbúðir, með allt að 2.000 nýjum íbúðum á ári á fyrstu fimm árum samningsins. Í rammasamningnum felst skuldbinding bæði af hálfu ríkis og borgarinnar en byggingarhraði ræðst ekki síst af því að borginni takist að tryggja nægilegt lóðaframboð innan samningstímans. Mikilvæg ákvæði eru í samningnum um breytingar á skipulagslögum, um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og margt fleira. Það telst einnig til tíðinda að í samningnum er mikil áhersla á vistvænt húsnæði, eflingu almenningsgangna o.fl.

Rætt var m.a. um skilgreiningu á félagslegu húsnæði, svo sem hvort búsetuúrræði fyrir fatlað fólk teljist innan 5% hlutfalls. Einnig kom fram að hlutfall félagslegs húsnæðis hljóti alltaf að taka mið af þörf skv. húsnæðisáætlun viðkomandi sveitarfélags.

3. **Breytingar á skipulagslögum - umræða um tímabundnar uppbyggingarheimildir - 2210035SA**

Í aðgerðaáætlun með rammasamningi um húsnæðismál er gert ráð fyrir að innviðaráðherra leggi fram tvö lagafrumvörp á yfirstandandi þingi. Drög að frumvarpi um svonefnt Carlsberg ákvæði var kynnt í samráðsgátt í desember og er ráðuneytið að vinna úr ábendingum sem fram koma í umsögnum um málið. Hafinn er undirbúningur vegna annars frumvarps, um að tímabinda uppbyggingarheimildir í skipulagi með breytingu á skipulagslögum. Jón Kjartan Ágústsson fór almennt yfir helstu álitæfni og kynnti þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins þar sem koma fram hugleiðingar skipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins um ótímabundnar uppbyggingarheimildir. Jón Kjartan tók sem dæmi að í samþykktum skipulagsáætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu væru heimildir fyrir 14.000 íbúðum. En af ýmsum ástæðum er sú uppbygging ekki að raungerast nema að hluta. Við undirbúning löggjafar um þetta álitæfni þarf að vanda til verka og búa til hvata til þess að styðja við uppbyggingu en vinnan er enn á frumstigi. Markmið fyrirhugaðrar lagabreytingar ætti að vera að vinna markvisst að því að áform um uppbyggingu húsnæðis komi til framkvæmda innan eðlilegs tíma. Gestir við umfjöllun um þetta mál frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu voru þau Haraldur Sigurðsson, Auður Dagný Kristinsdóttir og Kristinn Pálsson og greindu þau frá sinni sýn á málið í kjölfar inngangs frá Jóni Kjartani. Rætt var almennt um reynslu skipulagsfulltrúa og um þörf fyrir skýrari stjórnæki við eftirfylgd skipulags. Staða sveitarfélaga getur m.a. verið ólík eftir því hvernig eignarhaldi lands er háttað. En ávallt skiptir uppbyggingarhraði miklu máli varðandi grunninnviði sem sveitarfélögin eru skuldbundin til að vinna að. Hafa þarf einnig í huga að uppbygging ræðst m.a. af því að verktakar fáist til að taka að sér verk, bæði fyrir einkaaðila og sveitarfélög. Nefnt m.a. að raunhæft geti verið að uppbyggingartímabil deiliskipulags sé að jafnaði tólf ár. En lög gætu t.d.

kveðið á um að uppbyggingartími DSK skuli ávallt standa í ákveðinn tíma. Horfa þurfi til reynslu annarra þjóða varðandi útfærslu. Fram kom að sömu reglur ættu almennt að eiga við um íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Einnig kom fram að í samningum sveitarfélaga um stærri uppbyggingarverkefni sé hægt að koma inn skilyrðum um uppbyggingarhraða án tillits til þess hvort lagaheimild er til staðar. Á þéttingarreitum geti slík ákvæði skipt miklu máli fyrir hagsmuni sveitarfélaga.

Haraldur Sigurðsson og Auður Dagný Kristinsdóttir viku af fundi.

4. Lögheimilisskráningar einstaklinga - 2209022SA

Í stefnumörkun sambandsins er kveðið á um að sambandið beiti sér fyrir breytingum á lögum um lögheimili og aðsetur þar sem sérstaklega verði litið til fjölgunar þeirra sem skrá lögheimili án tilgreinds heimilisfangs. Við útfærslu lagabreytinga verði unnið út frá þeirri meginreglu að skipulag sveitarfélaga ráði því hvar heimilt er að skrá lögheimili og einnig hvar sveitarfélögum er skylt að veita þjónustu við íbúa.

Framkvæmdastjóri og lögfræðingar sambandsins funduðu nýverið með oddvita og sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps vegna þessa markmiðs. Fundurinn var haldinn að frumkvæði sveitarfélagsins. Tilfni er til að taka málið upp í skipulagsmálanefnd og fara yfir helstu sjónarmið sem þörf er á að halda til haga varðandi mögulegar lagabreytingar.

Flosi H. Sigurðsson fór yfir meginatriði málsins og svaraði spurningum fundarmanna. Við umræðu kom fram að sú þróun sem hefur orðið í hönnun og byggingu frístundahúsnæðis geti haft umtalsverð áhrif á íbúapróun í sveitarfélagi. Álitaefnið sem hér er til umræðu tengist jafnframt áherslu á að auka búsetufrelsi og hvað átt er við með því hugtaki. Í þessu samhengi var einnig rætt um hvort sama skráningarregla geti átt við um kröfur einstaklinga til að vera búsettir í lengri tíma í hjólhúsum og stöðuhúsum.

Skipulagsmálanefnd leggur til að sambandið óski eftir fundi með Þjóðskrá til að fá nánari upplýsingar um framkvæmd íbúaskráningar og þróun á fjölda einstaklinga sem skráðir eru óstaðsettir í hús ásamt því að ræða verklag við nýskráningu lögheimilis í íbúðarhúsnæði. Í framhaldinu verði óskað eftir fundi með innviðaráðuneytinu til að ræða þörf fyrir lagabreytingar.

5. Starfshópur um endurskoðun fyrirkomulags álagningar og ráðstöfunar skipulagsgjalds - 2212006SA

Innviðaráðherra hefur skipað starfshóp um endurskoðun á fyrirkomulagi skipulagsgjalds. Fulltrúar sambandsins í starfshópnum eru Fjóla Kristinsdóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar og Þorsteinn Gunnarsson borgarritari. Í desember var haldinn undirbúningsfundur þar sem ræddar voru helstu áherslur af hálfu sambandsins í vinnunni framundan. Lagðir voru fram til kynningar talpunktar frá lögfræði- og velferðarsviði sambandsins sem ræddir voru á þeim fundi. Stefnt er að því að boða fulltrúa sambandsins í starfshópnum á fund með skipulagsmálanefnd þegar vinna starfshópsins er komin vel af stað.

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði fjarfundur miðvikudaginn 22. febrúar kl. 10.15 til 12.

Fundi var slitið kl. 12:00

Halla Björk Reynisdóttir

Sveinn Björnsson

Nanný Anna Guðmundsdóttir

Jón Kjartan Ágústsson

Einar Þorsteinsson